

**L Ö G**  
um eyðingu svartbaks.

104  
20. des.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

*Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1951.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

Björn Ólafsson.

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum.

105  
24. des.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist: Á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði, skal þó frá 1. júní 1951 að telja greiða verðlagsuppbót samkv. kaupgjaldsvisitölu fyrir maímánuð 1951. Hinn 1. september, 1. desember 1951 og 1. marz og 1. júní 1952 skal verðlagsuppbót á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem að framan greinir, breytast samkvæmt kaupgjaldsvisitölu næsta mánaðar á undan.

Verðlagsuppbót á eftir-, nætur- og helgidagavinnu skal breytast þannig, að hlutfallið milli kaupgjalds fyrir þessa vinnu og dagvinnu viðkomandi launþega haldist óbreytt frá því, sem nú er.

Á lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra skal auk 15% uppbótar þeirrar, er tíðkæzt hefur, greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greidd er á laun starfsmanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún er ekki þegar innifalin í lífeyrinum. Verðlagsuppbót þessi greiðist frá 1. maí 1950. Viðkomandi lífeyrissjóður annast útborgun uppbóta þessara gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþeginn tók laun sín hjá.